

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Höndlaröu hitann?



TYRKISK PEBER VOLCANO - MJÚKAR LAKKRÍSKEILUR & ELDFJÖLL



Kalkúnn, fylling, trönuberjamauk, kartöflumús, brún sósa og eplakaka í eftirrétt. Megum við ekki líka gera vel við okkur um helgina?



G-hátíð

Þessi vika sem nú er brátt á enda er búin að vera viðburðarík hjá Gillz. Nýjasta ritverk hans, Heilræði Gillz, er að detta í búðir þessa dagana og þá lauk tökum á nýjustu þáttaröð hans, Lífsleikni Gillz, á þriðjudaginn var.

„Það er rosaleg helgi framundan hjá G-höfðingjanum. Í kvöld ætlum við að fagna því að tökum fyrir Lífsleikni sé lokið. Á föstudaginn er ég í Týndu kynslóðinni, eftir það ætla ég að pizza mig upp. Ég er búinn að vera í kolvetnasveldi núna í 5 vikur fyrir sjónvarpsþættina og á skilið að detta í smá kolvetnafylleri. Á laugardaginn horfi ég á Newcastle pakka mínum mönnum í Man U saman og eftir það tek ég fjögurra tíma æfingu og grýti mér síðan í afmæli á Players,“ segir Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillz, Þykki eða G-höfðinginn.

Leikstjórn þáttanna er í höndum Hannesar Þórs Halldórssonar, markmanns KR, en hann var valinn besti leikmaður Íslandsmótsins í knattspyrnu nú í haust. „Ég græði ekkert á því að hann sé Íslandsmeistari, Hannes er KR-ingur. Ég er reyndar að spá í að taka hann og Skúla Jón í Blikana. Búinn að minnast á það við þá og þeir urðu báðir mjög spenntir og láta mig nánast ekki

í friði eftir ég minntist á þetta. Þeir verða líklega báðir í grænum búningum á næstu leiktíð. Ef Hannes væri ekki í fótbolta þá væri serían tekin upp á sumrin og G-draslið elskar sumartímann. En serían er tekin upp í október og nóvember af því að Hannes er í boltanum. G-höfðinginn er ber að ofan í öðru hverju atriði og það er helkalt í nóvember. Ég er alvarlega að ihuga að fótbrjóta Hannes svo að sería þrjú verði tekin upp yfir sumartímann.“

Mikilvægt að menn læri af reynslunni

Gillz hefur einnig verið iðinn við ritstörf og sendir nú frá sér bókina Heilræði Gillz sem að hans sögn lokar þrileikum sem hófst með bókinni um Mannasiði Gillz. „Það eru mjög mikilvægir kaflar í þessari bók og nauðsynlegt fyrir menn að lesa þetta. Þarna eru kaflar eins og Þú ert 25 ára og uppgötvar að þú ert að verða sköllóttur. Þú ert slökkviliðsmaður en samt ennþá hreinn sveinn,

Barnið fæðist með öðrum húðlit en þú og konan, Þú ferð á heitt date en daman mætir ekki, Konan vill spjalla meðan hún situr á salerninu. Þetta eru allt aðstæður sem ég eða vinir mínir hafa lent í og það er svo mikilvægt að menn læri af reynslunni.“ Auk þess að sinna ritstörfum og sjónvarpsþáttagerð situr Gillz við útvarpshljóðnemann alla föstudaga ásamt Auðunni Blöndal. „Það er fínt að gefa þjálfuninni smá frí, mæta á föstudögum í tvo tíma og haga sér eins og fáviti í útvarpinu. Fint fyrir fólk að geta stillt á okkur vitleysingana og hlæja aðeins. Það þírrar mig samt aðeins að Blö hatar Pitbull og fleiri góða listamenn. Hvern andskotann er hann þá að gera á FM957? En ég ætla að reyna að fá að stjórna tónlistinni í þættinum.“ En er ekkert erfitt að sinna þessu öllu saman ásamt því að stunda líkamsrækt af krafti? „Það væri kannski erfitt fyrir hinn venjulega mann. En ég er Stóri Þykki G-Höfðinginn.“

jrr

Monitor mælir með

FYRIR TÓNÞYRSTA

Undiralda er tónleikaröð sem haldin er í Hörpu í samstarfi við 12 tóna um það bil annan hvern föstudag. Um er að ræða ókeypis tónleika sem fara næst fram þann 2. desember þar sem fram koma Náttfari og Plastic Gods. Gert er ráð fyrir að tónleikaröðin haldi áfram eftir áramót sem er gleðiefni fyrir tónleikaþyrsta.



Í LEIKHÚSI

Nú fer hver að verða síðastur til að upplifa og sjá sýninguna Allir synir mínir í Þjóðleikhúsinu. Verkið er eftir Arthur Miller en með aðalhlutverk í uppfærslunni fara Jóhann Sigurðarson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir og Björn Thors. Verkið hefur fengið lofsamlega dóma svo ef þú ætlar að sjá eina sýningu fyrir jóla, þá ætti þetta að vera tilvalin sýning.

FYRIR GEDHEILSUNA

Það er hundleiðinlegt að þurfa að gera allt í flýti á morgnana og jafnvel að mæta of sein í skólann eða vinnuna. Slíkt stress eykur einfaldlega vanlíðan. Monitor mælir með því að lesundur prófi að fara fyrir á fætur en venjulega í fyrramálið svo hægt sé að taka deginum með ró frá fyrstu andartökum. Það er svo hrikalega kósí að geta borðað morgunmat, lesið blaðið og fengið sér kaffibolla án þess að eiga hættu á að mæta seint.



Vikan á ...

facebook

Ingólfur Þórarinnsson
annaðhvort á ég bara massaða vini eða hálf þjóðin var að keppa í fitness eða vaxtarækt nýlega.
23. nóvember kl. 12:27

Anna Svava
Ef þið deilið og kvittið þá getið þið unnið jólandabrusa í boði Dagbókar Önnu Knúts. Bara af því að við ELSKUM svona leiki.
22. nóvember kl. 16:31

Heiðar Austmann
Hvað er með þessa ógeðis-skeppni "most beautiful teenager"?
22. nóvember kl. 13:38

Karen Lind
Aarg!! Ég er svo PIRRUÐ yfir því að vera ekki unglingur. Einfalt, ég get ekki tekið þátt í "Competition for the most beautiful teenager" hér á FB.
20. nóvember kl. 16:43

Feitast í blaðinu

Keppendum í fjórða undanúrslitaþætti **Dans dans dans** eru kynntir til leiks. >>>4

Í dag eru liðin 20 ár frá því að söngvarinn **Freddie Mercury** kvaddi þetta líf. >>>6

Stíllinn kíkti í fataskápinn hjá **Gunnari Inga** hagfræðinema og KR-ingi. >>>8

Gunna Dís væri til í að fara á dansnámskeið með Ómari Ragnars. >>>10

Langar þig að sjá **Happy Feet 2**? Lestu allt um frumsýningu vikunnar. >>>16

Efst í huga Monitor Mistök í Monitor

Starfsfólk Monitor er mannlegt rétt eins og annað fólk. Við eigum það til að gera mistök en sem betur fer eru þau yfirleitt ansi smávægileg en við reynum þó að sjálfsgöðu alltaf að læra af mistökunum. En þegar mistökin snúa að fólki þá verðum við að stúga fram



ÁSLAUG EIRÍKSDÓTTIR



ANNA KRISTÍN ROSENBERG

og leiðrétta mistökin. Við urðum fyrir því óláni fyrir tveimur vikum að víxla myndunum á tveimur stúlkum úr Háskólanum í Reykjavík. Myndirnar af þeim eru því birtar hér og eiga nöfnin að vera rétt í þetta sinnið. Við biðjum Önnu Kristínu Rosenberg og Áslaugu Eiríksdóttur innilegrar afsökunar. Megi þið lengi lifa.

Í síðustu viku laug svo Google að okkur þar sem þriðja niðurstaðan fyrir orðaleitina „Á íslensku má alltaf finna svar“ tjáði okkur að Jónas Hallgrímsson hafi ort samnefnt ljóð. En eins og Einar skrifar um í Orð í belg þá má maður ekki alltaf treysta Veraldarvefnum því að það er Þórarinn Eldjárn sem á heiðurinn af þessari fögru vísu. Fyrirgefðu, Þórarinn. Þú átt þetta ekki skilið enda ertu frábært skáld og einstaklega fær í að skila af þér góðu fólki út í samfélagið.

Um helgina fer þakkargjörðarhátíðin fram í Bandaríkjunum en Monitor vonar samt að allir Íslendingar hafi það líka gott og verði þakklátir fyrir það sem þeir eiga.

Kveðja, ritstjórn

Dans dans dans #4

Sjónvarpsþátturinn **Dans dans dans** heldur göngu sinni áfram um helgina. **Monitor** tók púlsinn á keppendum næsta laugardags sem tilheyra fjórða holti undanúrslita.

ANÍTA ÓSK GEORGSDÓTTIR

Aldur: 16 ára.
 Staða: Nemi við Fjölbautaskólann á Suðurnesjum.
 Reynsla af dansi: Hef æft dans í þrjú ár hjá BRYN Ballett akademíunni.
 Dansstíll: Nútímadans.
 Uppáhaldsdansbíómynd: Center Stage.
 Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Footloose-lagið.
 Markmið í keppninni: Að standa mig eins vel og ég get.



Aníta Ósk

MBL SJÓNVARP

... sýnir frá stemningunni baksviðs þar sem Haffi Haff fer á kostum í Dans dans dans extra.

BERGLIND ÝR KARLSDÓTTIR

Aldur: 22 ára.
 Staða: Nemi á samtímadansbraut Listaháskóla Íslands.
 Reynsla af dansi: Hef verið í Gerplu, JSB, Listdanskóla Íslands og LHÍ.
 Dansstíll: Nútímadans.
 Uppáhaldsdansbíómynd: Dirty Dancing.
 Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Klárlega Footloose-lagið.
 Markmið í keppninni: Markmiðið hjá öllum hlýtur að vera að vinna en mig langar líka að njóta þess, skemmta mér og bara að gera mitt besta.




Berglind Ýr

GUÐLAUGUR AGNAR VALSSON

Aldur: 16 ára.
 Staða: Nemi við MK.
 Reynsla af dansi: Hef æft dans í 13 ár, frá þriggja ára aldri.
 Dansstíll: Samkvæmisdans.
 Uppáhaldsdansbíómynd: Step Up 3D.
 Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Moves Like Jagger.
 Markmið í keppninni: Að gera okkar besta og skemmta sér og áhorfendum.

SARA RÓS JAKOBSDÓTTIR

Aldur: 19 ára.
 Staða: Nemi við Verzlunarskóla Íslands.
 Reynsla af dansi: Hef lært samkvæmisdans í tólf ár.
 Dansstíll: Djæf.
 Uppáhaldsdansbíómynd: Footloose.
 Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Brazil.
 Markmið í keppninni: Að reyna að vinna þetta.



Siggi & Sara Rós

Guðlaugur & Malín

VAKA JÓHANNESDÓTTIR

Aldur: 19 ára.
 Staða: Nemi í MR og danskennari í Dansskóla Birnu Björns.
 Reynsla af dansi: Búin að æfa dans í 11 ár í Dansskóla Birnu Björns.
 Dansstíll: Djass/fönk.
 Uppáhaldsdansbíómynd: Hairspray.
 Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Low með Flo Rida.
 Markmið í keppninni: Að skemmta mér og öðrum konunglega.

KARL FRIÐRIK HJALTASON

Aldur: 17 ára.
 Staða: Nemi við Listdanskóla Íslands.
 Reynsla af dansi: Hef lært free-style, samkvæmisdans í fjögur ár og listdans í rúm þrjú ár.
 Dansstíll: Rússneskur ballett.
 Uppáhaldsdansbíómynd: White Nights.
 Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér: Pina Colada og síðan All Night Long með Lionel Richie, þetta eru „guilty pleasure“-lög.
 Markmið í keppninni: Að koma ballett, sérstaklega hjá strákum, aftur á kortið.



Karl Friðrik



Drómi



MEGAVIKA

1.390 KR.

Allar pizzur af matseðli ef þú sækir.
Vikuna 21. – 27. nóvember 2011



dominos.is ♦ **58-12345**

Vissi alltaf að hann væri stjarna

Rokkstjarnan **Freddie Mercury** lést langt fyrir aldur fram þann 24. nóvember árið 1991. Nú eru því liðin 20 ár frá fráfalli hans og af því tilefni tók **Monitor** saman áhugaverðar staðreyndir um þennan mikla snilling.



Rokkstjarnan Farrokh Bulsara

Uppruni Freddie Mercury var flóknari en gengur og gerist.

Freddie Mercury var fæddur sem Farrokh Bulsara í Zanzibar, Austur-Afríku. Foreldrar hans voru Persar en á fæðingarvottorði hans var hann skráður sem breskur Indverji. Hann ólst jafnframt upp í Zanzibar og á Indlandi.

Tók upp nafnið Freddie sem skóladrengur en Mercury-nafnið varð til um svípað leyti og Queen var stofnuð.

Bulsara-fjölskyldan, og þar með Freddie, aðhylltist Zarapústratrú. Útför hans var að slíkum sið og var lík hans því brennt.



MÓÐIR MERCURY MEÐ SON SINN UM HÁLSINN

Freddie Mercury öðlaðist heimsfrægð með hljómsveit sinni, Queen, sem var stofnuð árið 1971. Hljómsveitin er ein söluhæsta hljómsveit veraldar og var vígð inn í Rock and Roll Hall of Fame árið 2001.

Hann hefur trekk í trekk verið hafður ofarlega á virtum listum yfir bestu söngvara poppsögunnar. Á þessu ári var hann í öðru sæti á slíkum lista í kjöri lesenda tímaritsins NME, á eftir Michael Jackson, og einnig í öðru sæti á hliðstæðum lista Rolling Stone.

Hann útskrifaðist með gráðu í myndlist og grafískri hönnun frá Ealing Art College og hannaði jafnframt frægt skjaldarmerki Queen sjálfur út frá stjörnumerkjum meðlimanna.



Raddsvið Mercury er sagt hafa teygst sig yfir fjórar áttundir. Hann þjáðist af hnútum á raddböndum og sagðist aldrei hafa fengið neina söngþjálfun af einhverju ráði.

Eitt af aðalsmerkjum Mercury var hljóðnemastatíf hans, sem var einfaldlega bara stöngin af dæmigerðu statífi sem búið var að taka af fæti statífsins.


Hann var með áberandi tanngalla, svokallað yfirbit, sem orsakaðist af aukatónum sem þrýsti framtönum hans út. Hann kaus að láta ekki laga það með tannréttingum af ótta um að það myndi skaða söngrodd hans.

Síðustu tónleikar Mercury fóru fram í Knebworth Park á Englandi þar sem talið er að gestafjöldinn hafi nánast jafnast á við alla íslensku þjóðina, um 300.000 manns.

Kettir voru hans ær og kýr. Þegar mest var átti hann tíu ketti á sama tíma og var sólóplatan hans, Mr. Bad Guy, tileinkuð kettinum hans.

Hann tók upp nokkra dúetta með Michael Jackson sem Brian May, gítarleikari Queen, sagði fyrir skemmstu að yrðu gefnir út í fyrsta sinn á næsta ári.

Brian May og Roger Taylor, trommuleikari Queen, leggja nú drög að kvikmynd um ævi Freddie Mercury í sameiningu við framleiðslufyrirtæki Robert De Niro, TriBeCa. Staðfest hefur verið að enginn annar en Sacha Baron Cohen komi til með að túlka Freddie.



MICHAEL OG MERCURY



VAR FREDDIE FYRIRMYND BORAT Í KLÆDABURDI?

„Sýningin verður að halda áfram“

Freddie Mercury er trúlega eitt frægasta nafnið í mannkynssögunni sem fallið hefur frá sökum alnæmis.

Samkvæmt Jim Hutton, sambýlismanni Mercury, smitaðist hann af HIV vorið 1987. Þrátt fyrir að vera ofsóttur af æsibladamönnum síðustu æviár sín lagði Mercury áherslu á að gefa aldrei neitt út til fjölmiðla um heilsufar sitt.

Hann hélt áfram að taka upp tónlist fram til síðustu og verstu tíma. Lagið Show Must Go On tók hann upp fárveikur en lagið fjallar einmitt um þörf hans fyrir að halda áfram að skapa tónlist þrátt fyrir veikindin.

Þann 23. nóvember kallaði hann til sín umboðsmann Queen, Jim Beach, sem tilkynnti að hann ætti í baráttu við alnæmi.

Daginn eftir, þann 24. nóvember, var Freddie Mercury úrskurðaður látinn á heimili sínu, 45 ára að aldri. Nákvæm dánarorsök var lungnabólga.

Eftir fráfall hans var stofnaður baráttusjóðurinn The Mercury Phoenix Trust sem hefur verið virkur í baráttunni við alnæmi frá stofnun.



EINS OG DROTNING Í RÍKI SÍNU

Besta lag allra tíma?

Lagið *Bohemian Rhapsody* var gefið út þann 10. október árið 1975. Lagið var hugverk Freddie Mercury frá A til Ö og er af mörgum talið hans helsta meistarastykki.

Lagið hefur af mörgum verið kallað besta lag rokksögunnar og þótti afar byltingarkennt við útgáfu. Árið 2002 var það útnefnt sem besta breska smáskífan frá upphafi í kosningu sem Heimsmetabók Guinness stóð fyrir.

Lagið er sagt vera næstmest spilaða lag ensks útvarps á eftir frægasti lagi hljómsveitarinnar Procol Harum, *A Whiter Shade of Pale*.

Gárungar hafa alla tíð deilt um umfjöllunarefni textans en meðlimir Queen gáfu aldrei út neitt rétt svar. Sjálfur sagði Mercury: „Ég held að fólk ætti að hlusta á textann, hugsa um hann og svo ákveða sjálft hvað hann merkir.“

Lagið gekk í gegnum endurnýjun lífdaga hvað varðar sölu og vinsældir við fráfall Mercury árið 1991 og einnig eftir að myndin *Wayne's World* kom út en lagið skipar sess í einu ódauðlegasta atriði myndarinnar.

INNLIÐUN Á SVIÐI VAR
SÉRGREIN ÞESSA MANNS



Hræðileg húsmóðir

Freddie Mercury lét hafa eftir sér ýmsar fleygar setningar um ævina. Hans nánustu samstarfsfélagar minnst hans jafnframt með söknuði.

Ég vissi alltaf að ég væri stjarna og núna virðist rest heimsins sammála mér.
- Freddie Mercury

Nútímamálverk eru eins og konur, þú munt aldrei njóta þeirra ef þú þælir of mikið í þeim.
- Freddie Mercury

Það sem er mikilvægast er að lifa glæsilegu (e. fabulous) lífi. Svo lengi sem það er glæsilegt, þá er mér sama hversu lengi það endist.
- Freddie Mercury

Ég hugsa um Freddie öllum stundum, í alvöru. Það líður ekki sá dagur þar sem ég hugsa ekki til hans á einhvern hátt. Þetta hefur farið út í öfgar, þar sem mér hefur fundist það sárt og ég hef ekki getað talað um hann en mér líður ekki þannig lengur. Hann er ennþá virkilegur hluti af lífum okkar.
- Brian May, gítarleikari Queen, í tilefni af 40 ára afmæli Queen á þessu ári.

Það er gaman að skemmta sér og er til nokkur betri leið til þess en að koma fram fyrir 300.000 manns?
- Freddie Mercury

Það virðist ómögulegt að öll þessi ár hafi liðið og ég sakna hans svona ennþá. Hann var besti vinur minn. Við deildum svo miklu og ég skulda honum svo margt.
- Roger Taylor, trommuleikari Queen, um að 20 ár séu liðin frá fráfalli Freddie.

Ef ég væri ekki góður í þessu þá hefði ég ekkert að gera. Ég kann ekkert að elda og ég væri hræðileg húsmóðir.
- Freddie Mercury

Lék leik ástarinnar

Margir af bestu textum Mercury fjölluðu um ástina en sjálfur lifði hann flóknu ástarlífi.

Freddie Mercury tjáði sig sjaldan opinberlega um kynhneigð sína og er stundum sagður aldrei hafa komið út úr skápnum, þótt hann hafi átt í samböndum við karlmenn.

Þótt margir þekki hann sem frægan homma var hann sagður tvíkynhneigður. Helsta ástarsamband hans var við konu að nafni Mary Austin sem hann byrjaði með í upphafi áttunda áratugarins. Lagið *Love of My Life* er samið um hana en Mercury arfleiddi hana jafnframt að húsinu sínu ásamt öllum stefgjaldarrettindum sínum.

Mercury lifði ástarlífi í anda rokkstjörnu en í ævisögu Brian May segir frá því að á tónleikaferðalagi Queen um Þýskaland hafi hann stundað það að taka með sér upp undir fimm karlmenn með sér upp á herbergi. Þar voru þeir látnir dansa nektardans fyrir rokkstjörnu þar til hún valdi einn af þeim sem rekkjunaut.

Hann átti í sambandi við hárgreiðslumanninn Jim Hutton frá 1985 fram til dauðadags.



MERCURY Í HALLOWEEN-BÚNINGI PÁLS ÓSKARS

Freddie Mercury

FLOTTASTA

Sú flik sem er í mestu upphaldi hjá mér er þessi glans-/glimmerjakki sem ég keypti á fatamarkaði um árið. Það eru skiptar skoðanir á þessum jakka þar sem sumum finnst hann mjög flottur en öðrum mjög hýr.



NÝJASTA

Ég hef alltaf reynt að komast upp á lag með það að klæðast dúnvesti en það hefur aldrei gengið, ég ákvað að reyna og keypti mér þetta dúnvesti í H&M í Noregi um daginn.



ELSTA

Þessi KR-treyja er ein af elstu flikunum sem ég á. Hún er frá bikarúslitaleiknum 1996 þegar KR vann Grindavík, pabbi gaf mér hana eftir leikinn og er til mynd af mér í treyjunni, hún er eins og kjöll á mér.



DÝRASTA

Ég hef bara aldrei keypt mér dýra flik (sem ég borgaði sjálfur að minnsta kosti). En það hafa eflaust flest dýr farið í þessa peysu sem ég keypti í Spúútník. Örugglega búið að rýja ull af einhverjum fimm kindum.



Kúl að klæða sig eftir veðri

Stíllinn kíkti á ofurtöffarann **Gunnar Inga Magnússon** en hann stundar hagfræðinám við **Háskóla Íslands**. Gunnari finnst gaman að vera töff í tauinu og sýndi hann Stílnum það allra helsta sem fataskápurinn hans hefur upp á að bjóða.

fataskápurinn

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?

Hann er ódýr og einfaldur.

Áttu þér fyrirmynd hvað varðar tísku og fataval?

Í rauninni ekki. Vinir mínir eru stöðugt að gagnrýna fötin mín, þó þeir hafi greyin mjög slæman fatasmekk. Ég hef þess vegna þá grundvallarreglu að ganga ekki í sömu fötum og þeir.

Hvar verslar þú helst fötin þín?

Á Íslandi versla ég við Herrafataverslun K&S, þáverandi herradeild Gyllta kattarins og síðan fer ég við tækifæri á fatamarkaði.

Hvernig tíska og fataval finnst þér flott á stelpum?

Mér finnst bara flott þegar fólk er samkvæmt sjálfu sér þannig að persónan njóti sín. Annars vil ég nýta tækifærið og undirstrika það að við búum á Íslandi. Það er kúl að klæða sig eftir veðri.

Ef þú værir dýr, hvaða dýr værir þú?

Ég er náttúrulega letidýr, en ef ég væri til í að vera eitthvað annað dýr væri það sennilega keisaramörgæs. Ég myndi svo sannarlega láta titilinn stíga mér til höfuðs.

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Áfram KR!

BESTA

Þessar buxur eru keyptar í Kron Kron. Vinir mínir vilja ganga hinum megin við götuna þegar ég er í þessum bleiku buxum svo þetta dress er eiginlega bara fyrir þá. Bestu bleiku buxurnar.

SKRÍTNASTA

Ég á nokkrar skrítnar flikur en mjög fáar af þeim nota ég eitthvað af viti. Systir mín gaf mér þó fyrir tveimur árum þetta trébindi sem ég hef notað þó nokkrum sinnum og vekur það oft mikla lukku.



BANANA- OG HUNANGSNÆRING

Vítamínrik, mýkjandi, rakagefandi og vel lyktandi næring.

- ½ banani
- 1 tsk. hunang
- 4 msk. nýmjólk
- Glerskál
- Sturtuhetta (eða plastpoki)
- Handklæði

Stappið bananann í mawk og blandið svo hunanginu vel saman við. Bleytið hárið með volgu vatni og nuddið næringunni í allt hárið. Setjið svo sturtuhettu yfir hárið, ef þið eigið hana en annars virkar plastpoki ágætlega líka, og loks handklæði yfir það. Leyfið þessu að vera í hárinu í 1 klukkutíma og þvoið svo vel úr með sjampói. Notist samdægurs.



Arndís Sigurðardóttir

Náttúruleg Fegurð

Búðu til þínar eigin snyrtivörur og heilsulind

Dekur frá móður náttúru

Bókin **Náttúruleg fegurð** eftir **Arndísi Sigurðardóttur** kemur út á næstu dögum og fjallar hún um hvernig hægt er að búa sjálfur til sínar náttúrulegu og umhverfisvænu snyrtivörur á einfaldan máta. **Stíllinn** tékkaði á bókinni og valdi fjórar skemmtilegar uppskriftir af hárnæringum sem lesendur geta spreytt sig á.



KÓKOSDRAUMUR

Frábært fyrir flókið hár og kókoslyktin verður yndisleg eftir á.

- 1 lítill dós kókosmjólk
- 2 msk. kókosolía
- 2 msk. ólífuolía
- Stálpottur
- Glerskál
- Handklæði

Hitið allt hráefnið saman í potti við lágan hita þar til blanda verður volg. Ef hún verður of heit látið þá kólna í smástund. Hrærið vel saman og greiðið svo í gegnum blautt hárið og vefjið í heitt handklæði. Leyfið næringunni að vera í hárinu í 20 mínútur. Þvoið svo vel úr með sjampói. Notist samdægurs.



ALOE VERA OG AVÓKADÓNÆRING

Frískandi hárnæring sem styrkir hárið og gefur því raka.

- 1 avókadó, maukð
- 1 msk. sítrónusafi
- 1 msk. aloe vera gel
- Glerskál
- Sturtuhetta (eða plastpoki)
- Handklæði

Hrærið öllu hráefninu vel saman í skál þar til það verður að mawk. Greiðið blönduna í gegnum allt hárið blautt. Látið svo sturtuhettu (eða plastpoka) yfir hárið. Vefjið loks með handklæði og biðið í 20-30 mínútur. Skolið svo vel úr með sjampói. Notist samdægurs.

HRÍSGRJÓNANÆRING

Um að gera að nota hrísgrjón, sem verða afgangur eftir matinn, og skella þeim í þessa frábæru næringu sem gefur hárinu góða fyllingu.

- 6 msk. hrísgrjón, soðin
- 2 msk. kókosolía
- Stálpottur
- Handklæði

Sjóðið hrísgrjónin í vatni alveg þar til þau verða að mawk. Þynnið mawkid með því að bæta við örliðu meira vatni og olíu. Þvoið hárið með sjampói og takið rakt handklæði og hitið í örbylgjuofni í 30 sekúndur. Nuddið hrísgrjónamaukinu í allt hárið og vefjið heita handklæðinu um höfuðið. Leyfið þessu að vera í hárinu í um 10-15 mínútur. Látið síðan smávegis af sjampói í hárið og skolið úr með vatni. Notist samdægurs.



Stjörnustríð

Eva Longoria vs. Victoria Beckham

Smávaxna eiginkonan er sykursæt í þessum fína bleika kjól en Victoria er þrusugella með hárið slegið, sólgleraugu og í flottum platformhælum. Hún hreppir því vinninginn að þessu sinni, enda er kjöllinn hönnun eftir hana sjálfa.

Sarah Jessica Parker vs. Alexa Chung

Leikkonan fræga er algjör gella í þessum Proenza Schouler-kjól og bleikum jakka við. Hún þúllar hann mun betur en tiskugúruíð sem er ekki í nógu flottum skóm við. Stíllinn er því fastur á því að Sarah sé flottari, eins og svo oft áður.

Jessica Stroup vs. Gwen Stefani

Söngkonan rokkar Banana Republic-bolinn upp með víðum gallabuxum og hælum, en leikkonan er svaka sæt í bolnum og víðum baige lituðum buxum við. Stutta hárið og fylltu hælarnir klára þetta svo endanlega fyrir hana,

Leighton Meester vs. Beatrice prinsessa

Prinsessan er falleg í þessum Elie Saab-kjól en það er hins vegar slúðurstjarnan sem sigrar að þessu sinni. Hún er glæsileg í þessum geggaða kjól, tekur hárið fallega frá andlitinu og er í flottum skóm við sem fullkomnar heildarlúkkið.

Draumur að tala við *Schwarzenegger*

Guðrún Dís Emilsdóttir er morgunfúll umsjónarmaður morgunþáttar. Hún hefur alltaf ætlað sér stóra hluti en slysaðist inn í útvarpið. Hún sagði **Monitor** frá draumaviðtalinu, mögulegri ættleiðingu á Bieber ásamt fleiru.

viðtalið



Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

einar@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Rödd Guðrúnar Dísar Emilsdóttur, betur þekkt sem Gunna Dís, tekur á móti útvarpshlustendum á hverjum virkum morgni í samnefndum þáttum. Þar fær hún útrás fyrir þörf sína til að tala út í eitt ásamt Andra Frey Viðarsyni. Þættirnir hafa notið gífurlegra vinsælda hjá ungum sem öldnum en hún segist ekki hafa hugmynd um hver galdurinn við að höfða svona til breiðs hóps af fólki sé. Gunna Dís ólst upp á bænum Ytri-Hlíð á Vopnafirði en hélt til Reykjavíkur eftir að hafa lokið stúdentsprófi í MA. Fyrsta starfið hennar á mólíni var á sólbaðsstofu þar sem hún vann við að þrifa svita og líkamshár úr ljósabekkjum sem hentaði henni ekki sérlega vel. „Ég er með tvær fóbíur, kóngulófóbíu og fóbíu fyrir blautum hárum, en þess má til gamans geta að þetta er eina starfið sem ég hef verið rekin úr,“ segir Gunna Dís og hlær.

Þú ert úr sveit í Vopnafirði. Hver er frægasti Vopnafirðingurinn?

Við gerðum nú könnun á þessu í Virkum morgnum. Þá voru valmöguleikarnir Pálmi Gunnarsson, Linda P, Tobbi Rokklingur, Kalli Bjarni, hann bjó á Vopnafirði í svolitinn tíma, og síðan ég. Það var Pálmi sem sigraði þá kosningu og Linda var í öðru sæti þannig að það er þá skjalfest.

Hvað dreymdi litlu stúlkuna að austan um að verða þegar hún yrði stór?

Ég ætlaði mér alltaf einhverja stóra hluti. Þegar ég var lítil gaf ég það út að ég ætlaði að verða forseti og ferðalög blunduðu í mér, mig langaði alltaf að læra spænsku. Ég var metnaðarfull, var heit fyrir því að fara í lögfræði eða eitthvað slíkt en svo fíðrildaðist ég einhvern veginn inn í fjölmiðla.

Hvað er það besta og hvað er það sísta við að alast upp á Vopnafirði?

Ég ólst náttúrulega upp í sveit og það er stórkostlegt frelsi sem felst í því að vera innan um dýrin og náttúruna. Það gerði mig agalega tilfinninganæma sem ég tel vera kost, þótt einhverjir myndu líta á það sem löst. Það versta við að alast upp í svona litlu byggðarlagi er örugglega að þú þarft að taka ákvörðun sextán ára um hvort þú ætlir að vera þar áfram eða hvort þú ætlir að yfirgefa fjölskyldu þína og fara í frekara nám í stærra byggðarlagi. Það er ömurlegt, bæði fyrir fjölskylduna og þig.

Þú yfirgafst fjölskylduna til að fara í Menntaskólann á Akureyri. Hvernig týpa varst þú á menntaskólaárunum?

Ég kom agalega saklaus úr sveitinni en gerðist dálítill villingur á fyrsta ári í menntó. Ég taldi mig vera nokkuð töff en síðan lítur maður núna á myndir frá þessum tíma og þá held ég að ég hafi verið mjög hallærisleg. Það litast reyndar líka af því að þetta var frá 1996 til 2000 og ef þú horfir á gamla Friends-þætti, þá eru allir hallærislegir þar svo þetta var kannski fyrst og fremst hallærisleg tíska.

Þú varst bara sautján þegar þú byrjaðir að vinna í útvarpi á Frostrásinni á Akureyri. Ertu algjört útvarpsnörð?

Þetta gerðist fyrir algjöra tilviljun. Ég var alltaf rám svo fólk hafði sagt við mig að ég væri örugglega með fina útvarpsrödd. Síðan hitti ég mann og sagði við hann að ég væri örugglega flott í þetta djöbb, hann bauð mér í prufu, honum var örugglega ekki einu sinni alvara en ég mætti og þannig slysaðist ég inn í þetta. Ég hlusta mikið

á útvarp og horfi mikið á fréttir og fréttatengt efni en ég fæ líka stundum alveg nóg og slekk því kerfið þóllir ekki meira áreiti. Ég er mikil tilfinningvera, tek ótrúlegustu hluti inn á mig og hörmungar heimsins geta alveg farið með mig og þá er nauðsynlegt að slökkva, lesa góða bók eða hlusta á rólega geislaþötu og hlaða batteriín. Eins get ég fengið upp í kok af því að heyra um stjórnurnar í Hollywood og tuða oft yfir því í loftinu að þetta skuli vera mest lesnu fréttirnar á Íslandi í dag, en samt stend ég mig að því að lesa þetta rusl, rétt eins og þorri þjóðarinnar, ég er bara eins og allir hinir. Málið er samt að fjölmiðlar miðla upplýsingum og hafa áhrif, þeir eru fjórða valdið og því gríðarlega mikilvægt að þeir séu óháðir og endurspeglir veruleikann eins og hann er.

Hvenær fluttist þú í bæinn og hvað fórst þú þá að gera?

Ég fluttist í bæinn daginn eftir útskriftina mína fyrir norðan og þá tók við ömurleg vinnu við að þrifa svita og líkamshár af ljósabekkjum á sólbaðsstofu og svo vann ég á leikskóla í smástund en það átti ekki vel við mig af því að ég er ekki mjög polinmód. Ég var í einu og öðru þangað til ég fór í stjórn mála- og fjölmiðlafræði. Mig langaði að skerpa mig sem fjölmiðlakonu og hafði hug á frétta-mennsku til að reyna að láta eitthvað gott af mér leiða. Ég hafði horft mikið á 60 Minutes, það var þáttur sem ég var alltaf heit fyrir og hugsaði mér að kannski væri þetta eitthvað sem maður gæti gert.

Ég fluttist í bæinn daginn eftir útskriftina mína fyrir norðan og þá tók við ömurleg vinnu við að þrifa svita og líkamshár af ljósabekkjum á sólbaðsstofu og svo vann ég á leikskóla í smástund en það átti ekki vel við mig af því að ég er ekki mjög polinmód.

Frasinn um að myndbandið hafi drepið útvarpsstjórna er viðfrægur. Hvað hefur útvarp fram yfir til dæmis sjónvarp sem fjölmiðill og öfugt?

Útvarp er gagnvirkara en sjónvarp. Flest sem fer fram í útvarpi gerist í beinni útsendingu þannig að fólk heyrir það sem er að gerast í rauntíma og fyrir vikið getur þú strax fengið viðbrögð frá hlustendum. Í sjónvarpi er efnið oftast upptekið, þótt fréttir og annað slíkt séu kannski í beinni. Sjónvarp er líka þyngra í vinnslu, það er minna mál að eiga við útvarpsviðtöl eftir á, breyta þeim, taka eitthvað út og gera og græja. Aftur á móti lifum við á upplýsingaöld þar sem við viljum sjá myndir af því sem er að gerast, það eykur áhrifin, þannig að sjónvarpið er áhrifameira heldur en útvarpið.

Hvað kom til að leiðir ykkar Andra Freys lágu saman?

Við Andri vorum að vinna í sama húsi þegar ég var að vinna á KissFM og hann á X-FM, við vorum kunningjar. Síðan var ég í sumarafleysingum á RÚV sumarið 2010 þegar Andri var með vikubátt, Prinsinn, þegar hann var nýfluttur frá Danmörku og það var Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri, sem fékk þessa hugmynd að setja okkur saman á morgnana. Það vorum sem sagt ekki við sem rottuðum okkur saman með þetta en við áttum hins vegar strax vel saman.

Segja má að Andri sé soddan þakkarar sem þú þarft oft að reyna að hafa hemil á. Hvernig gengur það almennt?

Það gengur bara rosalega vel. Við Andri erum með svipaðan bakgrunn, við erum bæði utan af landi, hann er umhyggjusamur og allt þetta, hann má ekkert aumt sjá án þess að líða illa. Að sama skapi veður hann oft áfram og þá er ég bara sukkbremsa, við bökkum hvort annað upp með þetta. Þetta er eins og í góðu sambandi, þá þurfa makarnir að fullkomna hvorn annan á þeim sviðum sem þeir eru ekki fullkomnir á. Þetta er ekki ósvipað, ég meina ég eyði meiri tíma með Andra á sólarhring heldur en kærastanum mínum.

Mér skilt að þú skutlir honum í vinnuna á hverjum morgni. Rukkar þú hann fyrir þessa þjónustu?

Það er reyndar ekki við lýði lengur, sem betur fer. Ég skutlaði honum á bílasölu um daginn að prófa bíla og hann endaði á að kaupa sér einn. Við fjölskyldan mín sóttum hann alltaf á morgnana í tæpt ár og við vorum voðalega stolt í umferðinni, af því að í þessari umferðarmenningu á Íslandi er alltaf bara einn í hverjum bíl, en við vorum fjögur og gátum montað okkur dálítið af því að værum þannig umhverfsvænni en hinir. Hann borgaði hins vegar aldrei krónu, ekki einu sinni í bensín, ekki svo

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 060280.

Uppáhaldsmatur: Mér finnst gaman að elda eitthvað ítalskt.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Heima hjá mér.

Æskufyrirmynd: Foreldrar mínir.

Helsti kostur: Ég er umhyggjusöm.

Helsti ókostur: Minn helsti löstur er gríðarleg óþolinmæði og ég svara sjaldan í síma.



mikið sem „500 kjell og málið er steindautt“ (hlær).

Hvernig er að vinna í morgunútvarpi, þarf maður alltaf að þykjast vera sjúklega hress eldsnemma um morgun?

Við byrjum sem betur fer klukkan níu. Ég er mjög morgunfúl manneskja þegar ég vakna en reyni að láta það ekki bitna mikið á mínu fólki en er hins vegar orðin góð klukkan níu. Við mætum í vinnuna klukkan átta, fáum okkur kaffi og fínþúsum þáttinn. Þetta hefur gengið vel hingað til en það koma samt dagar þar sem þarf algjörlega að keyra sig upp á kaffi.

Ef þú mættir velja hvern sem er til þess að fá til þín í útvarpsviðtal, hver yrði fyrir valinu?

Ég væri til í að tala við Obama, hann hrifur mig og svo væri alveg „to die for“ að taka viðtal við Arnold Schwarzenegger. Getur þú ímyndað þér að spjalla við hann um Kindergarten Cop og Junior, það væri geðveikt. Það verður að skoða það.

Hvern eftirtalinna myndir þú ætteleiða, hvern myndir þú gera að guðföður dóttur þinnar og með hverjum myndir þú helst skrá þig á dansnámskeið? Andri Frey Viðarsson, Justin Bieber og Ómar Ragnarsson.

Ég hefði ekki orku í að ætteleiða Ómar Ragnarsson, hann myndi tala og tala og ausa fróðleik yfir mig en það væri frábært að fara með honum á dansnámskeið. Ég myndi ætteleiða Justin Bieber því þá fengi ég alveg ógrynni af peningum þótt það fylgi honum líka læti. Ég myndi gera Andra að guðföður dóttur minnar því ég veit að hún mun spjara sig vel og mun örugglega litla aðstoð þurfa frá honum (hlær), þó Andri sé ágætur. Ef dóttir mín er veik, þá hringir hann til dæmis heim og spyr hana: „Ertu ekki örugglega búin að fá ís?“ Hann er dálítill spillir.

Hefur þú lent í því að sofa yfir þig og missa af útsendingu?

Nei, ég hef aldrei lent í því enda sef ég alltof laust. Ég veit um allt sem gerist á nóttunni, ef það er prumpa í herberginu við hliðina á mér þá heyrir ég það. Það væri nú samt meira vesenið ef maður svæfi yfir sig.

Af og til í þáttunum berst líkamsrækt ykkar stjórnenda í tal. Ert þú virk í þeim efnum?

Ég á kort í Sporhúsinu sem ég nota aldrei. Ég er alls ekki antisportisti, ég er bara svo mikið fíðrildi, ég tolli aldrei við neitt. Mér finnst gott að fara út að labba, en það þarf helst að vera í 101. Ég gæti nú alveg verið duglegri.

Hvert er eftirminnilegasta atvikið sem þú hefur lent í í beinni útsendingu?

Það eru oftast litlu hlutirnir sem veita manni mesta gleði í loftinu. Það er til dæmis mjög eftirminnilegt þegar Helga Braga kom í viðtal á dögunum en hún sagði okkur frá því að hún og Óli Palli hefðu alist upp saman á Akranesi og hún myndi vel eftir honum labbandi út um allt í kínaskóm, alveg sama hvernig viðraði. Það var líka alveg mergjað að fá Bubba Morthens með sér sem gestastjórnanda í sumar en hann sagði mér frá þeirri kenningu sinni að ef maður getur sungið fréttir þá geti maður sungið hvað sem er, svo tók hann sig til og söng eins og engill eina frétt í Fréttablaðinu.

Ef þú værir dýr, hvaða dýr værir þú og hvers vegna?

Ég væri köttur. Mér finnst gott að kúra og borða, er dálítill nautnaseggur. Svo er ég dramtísk, annaðhvort er ég voða kát eða alls ekki kát og sýni klærnar. Ég væri flottur köttur.

Eftir því sem ég best veit átt þú þér feril sem söngkona. Hvað getur þú sagt mér af söngkonuferli þínum?

Ég lærði söng sem unglingur og tók þátt í undankeppnum fyrir Söngkeppni framhaldsskólanna tvisvar, undankeppni nota bene, innan MA og meira að segja líka innan VMA. Ég held að ég hafi lent í 2. sæti í bæði skiptin. Ég söng rosalega mikið sem stelpa og langaði að verða söngkona en svo lenti ég í því þegar ég var sex ára að raddböndin mín sködduðust við svæfingu og eftir það kom ég ekki upp orði í viku. Ég vildi óska þess að ég hefði haft burði til að verða söngkona en við mikla áreynslu þá klárast röddin mín algjörlega. Ég hef gaman af því að bresta í söng og við gerum það oft í þáttunum okkar, við Andri. Ef ég lendi í karóki og er búin að fá mér einn, tvo öl þá er ekki að spyryja að því.

Þú ert með gráðu í stjórnmálafræði. Eru stjórnmál þitt helsta áhugamál?

Nei, mér finnast stjórnmál á Íslandi í dag algjört prump, ég er orðin mjög þreytt á allri þessari flokkapólitík og því öllu. Ég fann fljótt að þetta ætti ekki vel við mig, ég hef alveg gaman af rökræðum en ég get ekki rökrætt fram í rauðan dauðann að mín skoðun sé réttari en skoðun einhvers annars. Ég er finn fjölmiðlamaður, held ég, af því að ég virði skoðanir allra. Hins vegar er gaman að vita eitthvað um þetta, en ég fer aldrei á þing, dreptu mig frekar (hlær).

Átt þú þér fimm ára plan?

Þar sem ég er nú svo ung og glæsileg ennþá þá er ég ekkert mikið að stressa mig á hlutunum. Ég ætla bara að halda áfram á þeirri braut sem ég er á nú innan veggja RÚV, vonandi verður samstarf okkar Andra áfram farsælt og einnig eru ákveðnir hlutir í bígerð fyrir sjónvarpið sem ekki er hægt að ræða á þessu stigi málsins. Ég er ekki hrædd við framtíðina og það sem bíður mín, ég ætla að taka masters-nám og gæti vel hugsað mér að gera það erlendis. Ég ætla að klára að læra spænsku, ég bjó í Chile í hálf tveimur árum en langar að klára nám í þeim efnum. Svo ætla ég bara að njóta hvers dags fyrir sig og vera með fjölskyldunni.

ÞETTA EÐA HITT

Reykjavík eða Vopnarfjörður? Reykjavík, ég er búin að búa hérna öll mín fullorðinsár og ég elska lífið í borginni.



Að vera með morgunþátt eða síðdegisþátt? Morgunþátt.

Tónlistarþættir eða talþættir? Talþættir.

Ef þú yrðir að velja annaðhvort, hvort myndir þú frekar fara í teygjustökk af Kópavogsturni eða borða lifandi tarantúlu? Ég er með kóngulóafóbíu af verstu gerð svo ég færi í teygjustökk. Það væri örugglega geggjað.



Hvað segir Andri Freyr?

Monitor fékk nánasta samstarfsmann Gunnu Dísar til að segja okkur frá sínum kynnum af henni.

Hvað fer mest í taugarnar á þér í fari hennar?

Það er sennilega það að það er alltof auðvelt að æsa hana þannig að hún fer alveg upp á háa C-ið. Þá hvellir í röddinni hennar, hún er svona eins og lítill terrier-hundur sem geltir, hún bara springur. Það er rosalega lítið mál að koma henni í uppnám.

Hvað kanntu best að meta í fari hennar?

Það er mjög margt. Hún er náttúrulega yndisleg, einn besti vinur minn og ég kann mjög vel að meta hláturinn í henni, hún hlær skemmtilega. Eins og það þarf lítið til að koma henni í uppnám, þá þarf lítið til að koma henni til að hlæja. Svo er hún mér sem sálfræðingur þarna í vinnunni og maður hefur lært alls konar orð af henni Gunnu. Til dæmis kallar hún mig oft „hrút“, af því að ég er til dæmis oft að klóra mér á bakinu á húsgögnum og svona og þá segir hún: „Að sjá þig, þú ert eins og versti hrútur.“ Það var líka eftirminnilegt þegar hún sagði mér um daginn að þurrka þetta „klobbaglott“ úr andlitinu á mér. Ég held að þetta sé eitthvað ógeðslegasta orð sem ég hef heyrt.


Í þáttunum á hún það til að hemja tilhneigð þína til að sletta á útlensku með því að þýða sletturmar. Hvernig kannst þú við það?

Ég kann mjög vel við það. Maður hefur aldrei verið þekktur fyrir að vera vel talandi þannig að það er mjög gott að hafa einhvern sem kallar mann hrút við hliðina á sér til að leiðrétta villurnar manns.



Heimildir Monitor herma að þú hafir ekki borgað Gunnu krónu í bensín þótt hún hafi skutlað þér í vinnuna í tæpt ár. Stendur til að bæta úr því?

Það væri þá gaman að heyra hvað henni fannst um máltíðirnar sem maður er búinn að vera að gefa henni þegar föstudagsmatarklúbburinn fer út að borða. Aldrei hefur manni verið þakkað fyrir það.




Ég hefði ekki orku í að ætla leiða Ómar Ragnarsson, hann myndi tala og tala og ausa fróðleik yfir mig en það væri frábært að fara með honum á dansnámskeið.

cacharel

AMOR AMOR
forbidden kiss





TÓNLIST, KYRNTÓNUR, DJÓVAÐ, LÆRÐUR, LITUR, DRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAÐ

HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Haukur Heiðar Hauksson.
Á forsiðu: 10. júní 2010.
Fyrirsögn viðtals: Maður þarf ekki að vera hálfviti til að vera í hljómsveit.

Jú, það er bara allt gott að fréttu, þakka þér fyrir. Eftir að við Diktungarnir kláruðum nýju plötuna okkar höfum við verið á fullu að undirbúa útgáfutónleikana sem verða einmitt í kvöld á Nasa. Þetta verður svakalegt „show“, svo mikið get ég sagt þér. Við erum náttúrulega bara fjórir, en erum með talsvert af aukahljóðfærum og slíku á plötunni, þannig að við verðum með landslið hljóðfæraleikara með okkur. Án gríns. Landsliðið. Þeir verða í sérstökum treyjum og allt. Og svo ætla Mugison að hita upp áhorfendur með sinni einstöku snilld. Þetta verður frábært kvöld. Svo verðum við á Akureyri á föstudag og Siglufirði á laugardag. Salt að gerast.

Hvað hefur breyst síðan ég var á forsiðu Mönitor? Tja, ég er allavega búinn að láta klippa mig. Búinn að vera síðhærður í örugglega 10 ár en lokkarnir fengu að fjúka. Get ekki sagt að ég sakni þeirra, þó þetta hafi verið skrytið fyrst á eftir. Annars er bara um að gera að vera hress. Það er gríðarmikilvægt.



LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson
til Villi Goði
dagsetning 22. nóvember 2011 11:09
titill LOL-mail Monitor

Heill og sæll Will

Hinn eingetni Pétur Örn skoraði á þig í síðustu viku og nú er að sjá hvað þú hefur upp á að bjóða.

Vinsamlega sendu mér eitthvað mjög fyndið og skoraðu á næsta aðila.

Kann ég þér bestu þakkir fyrir.
Kv. Jón Ragnar

Hér er setning sem ég ætla að gefa öllum facebook notendum til að nota einsog þeim sýnist og alveg skuldlaust:

“Taktu þetta LÆK og troddu því upp í rassgatið á þér.”

Verði ykkur að góðu.

Sá sem ég skora á næst í grínroðinni er: Pétur Jónsson tónlistarmaður, plötuútgefandi og alheimsspekingur.

kv. Villi Goði



Todmobile í sjöunda himni

Hljómsveitin Todmobile er ný á Tónlistanum þessa vikuna og fer beint upp í 10. sæti með sjöundu breiðskífu sína sem nefnist einfaldlega 7. Platan er sú fyrsta frá sveitinni í fimm ár. Síðastiðinn föstudag blés hljómsveitin til risastorra tónleika í Eldborgarsalnum sem hlotið hafa gott umtal.

Nýjasti meðlimur hljómsveitarinnar er enginn annar en Dalvíkingurinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson sem vakið hefur athygli undanfarin ár. Hann skaut upphaflega upp á sjónvarsviðið eftir að

hafa sigrað Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2007 og svo Bandið hans Bubba ári síðar. Það vill því svo skemmtilega til að Eyþór Ingi fyllir í vissum skilningi í skarð nafna síns, en áður gerði Eyþór Arnalds garðinn frægan með hljómsveitinni. Jafnframt er gaman að geta þess að í janúartölublaði krakkatimaritins Æskunnar árið 1993 var Andrea Gylfadóttir í öðru sæti yfir vinsælastu íslensku söngkonuna í vinsældavali lesenda. Skemmst er frá því að þá var Eyþór Ingi þriggja ára gamall.

FERSKUR INN



TÓNLISTINN

Vikan 24. nóvember - 1. desember 2011

- 1** Mugison Haglél
- 2** Of Monsters And Men My Head Is An Animal
- 3** Hjálmar Órar
- 4** Helgi Björnsson Íslenskar dægurperlu í Hörpu
- 5** Dikta Trust Me
- 6** Sigurður Guðmunds og Sigríður Thorlacius Asamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
- 7** Ingimar Eydal Allt fyrir alla
- 8** Lay Low Brostinn strengur
- 9** Baggalútur Áfram Ísland
- 10** Todmobile 7

Justin Bieber Under The Mistletoe
Friðrik Ómar & Jógvan Hansen Barnalög
Ingó Ingó Quarashi Anthology
Björk Biophilia
Helgi Björns & reiðmenn vindanna Ég vil fara uppí sveit
Sigur Rós Inni
GRM Þrjár stjórnur sveit
Jón Jónsson Wait For Fate
Adele 21
Coldplay Mylo Xyloto
Valdimar Undraland
Pollapönk
Aðeins meira pollapönk
Einar Scheving Land míns föður
Megas og strengir Aðför að lögum
Jón Múli Arnason Söngdansar og ópusar
Árstíðir Svefnis og vöku skil
Gus Gus Arabian Horse
Trío Blík Hugsáður um búskapinn, hættu að daðra
Todmobile Spiladós

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframlendna og inniheldur söluútlur síðastiðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elko, Smekkleysu plötubúð og á Tónlistis.



LAGALISTINN

Vikan 24. nóvember - 1. desember 2011

- 1** Of Monsters And Men King and Lionheart
- 2** Gotye / Kimbra Somebody I Used To Know
- 3** Hjálmar Ég teikna stjörnu
- 4** Mugison Kletturinn
- 5** Dikta What Are You Waiting For?
- 6** Coldplay Paradise
- 7** Lana Del Ray Video Games
- 8** Adam Levine / Christina Aguilera Moves Like Jagger
- 9** Foster The People Pumped Up Kicks
- 10** Bruno Mars It Will Rain

Lay Low Brostinn strengur
Adele Rumour Has It
Rihanna / Calvin Harris We Found Love
Katy Perry The One That Got Away
Britney Spears Criminal
LMFAO Sexy And I Know It
Delilah Derulo Go
Stefán Hilmars-son / Eyjólfur Kristjánsson Þín innsta þrá
Lady Gaga You And I
Ed Sheeran The A Team
Kelly Clarkson Mr. Know It All
Helgi Björnsson / Eivör Pálsdóttir Án þín
Eiríkur Hauksson / Dúndurfréttir Ástarbréf merkt X til þín
Árstíðir Ljóð í sand
Snow Patrol Called Out In The Dark
Florence & The Machine Shake It Out
David Guetta / Usher Without You
One Direction What Makes You Beautiful
Rihanna Cheers
Bombay Bicycle Club Lights Out, Words Gone

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframlendna og inniheldur samantekt síðastiðinnar viku á mest spilðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlistis.



ELTI HRELL IRINN



Halldór Halldórsson
@DNADORI Iceland/Mozzarella
Fjörfaldur Íslandsmeistari í Karate

DNADORI Halldór Halldórsson Nett faggaleg, samt mega nice #aiaiai #championsound pic. twitter.com/uyYFctxe 17. nóvember kl. 15:03



henrybirgir Henry Birgir @DNADORI vonbrigði að þú hafir ekki hlýrabolað þig í gang í Spurningabombunni. Steinn Ármann var silkslakur í flispeysunni. #stayghetto 18. nóvember kl. 21:15

DNADORI Halldór Halldórsson @henrybirgir ja var bolurinn greinilegur? Var þetta ekki gott TV annars? #drhlýri 18. nóvember 22:53

DNADORI Halldór Halldórsson @DanniDeluxe Arnar Grant var að adda mér á Feisbúkk. #hrikalegurandi 21. nóvember kl. 10:44

DanniDeluxe Daniel Ólafsson @DNADORI Grantarinn er andans maður. 21. nóvember kl. 14:24

DNADORI Halldór Halldórsson Á slyso með föður mínum. Hann er slasaður ekki ég. #tableturn pic. twitter.com/NMujJOQH 21. nóvember kl. 11:47



DNADORI Halldór Halldórsson Hvað ég gæfi fyrir nokkra denym daga í Deutchlandi #mydick pic. twitter.com/P8xk2w9c 21. nóvember kl. 11:49



Auddib Auðunn Blöndal Sveppurinn framan à Metröblaðinu með áritaðann hamborgara à öxlinni...gæti þurft að ræða það við hann í dag! FM95BLÖ 22. nóvember kl. 12:03

DNADORI Halldór Halldórsson @Auddib ég vil fá að vita hversu mikið cash hann fékk. Þjarmaðu að manningum! 22. nóvember kl. 13:02



Vilt þú „remixa“ Queen-lag?

Það kannast allir tónlistaráhugamenn við stuðlagið Don't Stop Me Now úr smíðju Freddie Mercury, forsprakka Queen. Í tilefni af því að þessi goðsagnakennda sveit fagnar nú 40 ára afmæli sínu hafa Brian May og Roger Taylor, helmingur upprunalegu útgáfu hljómsveitarinnar, efnt til keppni um besta „remixið“ af þessu sögufræga stuðlagi.

May og Taylor sitja í dómnefnd ásamt öðrum og mun hún verða launa bæði bestu og næstbestu útgáfu lagsins að þeirra mati. Verðlaunin eru vegleg en fyrir fyrsta sæti fæst ferð til London ásamt gistingu þar sem sigurvegarinn fær að hljóðjafna lagið sitt í Metropolis Studio, en þar tóku Queen einmitt upp plöturarnar Made In Heaven og Innuendo. Í ofanálag verður sigurlagið kynnt rækilega í gegnum alla miðla Queen, svo sem queenonline.com og sigurvegarinn hlýtur meðal annars ýmsan áritaðan Queen-varning og peningaverðlaun sem hljóða upp á 1.000 dollara. Einnig verður hægt að vinna í flokknum sem kallaður er „val fólksins“.

Til að taka þátt þarf einfaldlega að heimsækja síðuna www.talenthouse.com og Monitor skorar einfaldlega á reynda sem óreynda „remixara“ til að láta vaða enda tapar maður engu á að reyna.

Ray-Ban® dagar í Smáralind



20% AFSLÁTTUR
Í NÓVEMBER
af öllum sólgleraugum frá
Ray•Ban

Umboðs- og dreifingaraðili á Íslandi:
Optical Studio – S. 528 8500

Optical Studio
SMÁRALIND

„You wanna fuck with me? Okay. You wanna play rough? Okay. Say hello to my little friend,” sagði **Al Pacino** í **Scarface** árið 1983. Hann leikur í **Jack and Jill**.

FERILLINN



Elijah Wood

Hæð: 168 sentimetrar.
Besta hlutverk: Fróði í Hringadróttinssögu.
Staðreynd: Wood er mikill tónlistarunnandi og á yfir 4.000 geisladiska.
Eitruð tilvitnun: „Láttu þig dreyma um hið ómögulega því að draumar verða að veruleika.“

1981 Fæðist þann 28. janúar í Cedar Rapids í Iowa-fylki í Bandaríkjunum.

1988 Flytur með fjölskyldu sinni til Los Angeles þar sem hann fær lítið hlutverk í tónlistarmyndbandi við lag Paula Abdul, Forever Your Girl.

1989 Leikur í Back to the Future Part II.

1990 Leikur son Aídan Quinn í myndinni Avalon. Myndin fær mikið lof og fjórar Óskarstilnefningar og á mikinn þátt í að koma Wood á kortið sem leikara.

1991 Fer með fyrsta stóra hlutverkið sitt í myndinni Paradise.

1993 Leikur aðalhlutverkið í The Adventures of Huck Finn og leikur á móti Macaulay Culkin í The Good Son.

1996 Fer með aðalhlutverkið í Flipper.

1997 Leikur í The Ice Storm og einnig vasahjófinn Jack Dawkins í Oliver Twist.

1999 Fer til Nýja-Sjálands þar sem tókur fara fram á Hringadróttinssögu-þrileiknum en Wood fer með hlutverk Frodo Baggins.

2001 Fyrsta mynd þrileiksins, Föruneyti hringsins, er frumsýnd og hlýtur fern Óskarsverðlaun.

2002 Tveggja turna tal, önnur mynd þrileiksins er frumsýnd.

2003 Hilmir snýr heim er frumsýnd og Wood segir skilið við hlutverk Fróða, í bili að minnsta kosti.

2004 Leikur meina-tækni í Eternal Sunshine of a Spotless Mind.

2005 Stofnar plötufyrirtækið Simian Records. Fer með hlutverk fjöldamorðingjans Kevin í Sin City. Sama ár leikur hann fótboltabullu í Green Street Hooligans.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Happy Feet 2

Það muna flestir eftir hinna bráðskemmtilegu mynd Happy Feet sem var gerð árið 2006 og reyndist þegar upp var staðið einn af óvæntustu kvikmyndasmellum þess árs og hlaut Óskarsverðlaunin árið 2007. Aðalhöfundur og leikstjóri myndanna beggja er Ástralinn George Miller, en hann gerði einnig myndirnar um litla grísinn Babe á sínum tíma.

Myndin gerist á Suðurskautinu þar sem Mumble og hinar keisaramörgæsirnar lifa

bæði hamingjusömu og viðburðaríku lífi, þótt það geti stundum verið hættulegt líka. Það eina sem skyggir á gleðina hjá Mumble er að sonur hans, Eric, er ekki nógu áhugasamur um að læra danssporin sem gera Mumble og hinar mörgæsirnar svo hamingjusamar.

Svo fer að Eric litli ákveður að hlaupast að heiman til að losna undan pressunni en hittir þá fyrir skritna mörgæs sem kann að fljúga.

Leikstjóri: George Miller.
Aðalhlutverk: Elijah Wood, Robin Williams, Hank Azaria, Brad Pitt, Matt Damon, Pink og Hugo Weaving.
Lengd: 110 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum aldurstakmark.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri, Keflavík og Selfoss og Laugarásblói.

Aðrar frumsýningar: Jack & Kill • Tropa de Elite 2 • Seeking Justice

FRUMSÝNDAR FÖS. 25. NÓVEMBER

f VILTU MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á Happy Feet 2, fylgstu með ... facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR



Need For Speed: The Run

Tegund: Bílaleikur

PEGI merking: 12+

Útgefandi: EA

Dómar: Gamespot 7 af 10 / IGN 6,5 af 10 / Eurogamer 5 af 10

Eldsnögg sundfatamódel

Á rétt rúmu ári hefur EA tekist að gefa út þrjá leiki í Need for Speed-seríunni og klárt að það er ekkert slakað á hraðanum þar. Nýi leikurinn The Run er gerður af aðalframleiðendum leikjanna, Black Box og snýst hér allt um bullandi hasar.

Leikmenn fara í hlutverk Jackson Rourke, en hann hefur komið sér í slæm mál hjá mafunni og þarf að losa sig undan skuld. Brjóstgód kona kemur honum til hjálpar og býður honum að taka þátt í kappakstri frá San Francisco til New York og er vinningsféð 25 milljónir dollara. Dáleiddur af háu ljósum fyrirsætunnar samþykkir okkar maður tilboðið og er málið að koma honum alla leið. Í keppninni reyna svo löggan og mafian að stoppa okkar mann og þarf maður að klína pedalann í botn til að snúa sig út úr því.

Auk þess að keyra um þurfa leikmenn að taka þátt í stuttum hasaratriðum sem keyra söguþráðinn áfram og virkar það nokkuð vel. Auk sögunnar geta leikmenn keyrt allar brautir leiksins í svokölluðu „challenge mode“ og reynt þar að bæta tímann. Í leiknum er skemmtileg og einföld netspilun þar sem leikmenn geta unnið sér inn helling af aukahlutum, nýjum bílum og fleira. Allar aðgerðir leikmanna skila sér í XP-stigum og er hægt að nota þau til að djúsa upp bílana og bæta við möguleikum. Í leiknum eru

um það bil 120 mismunandi bílar frá helstu framleiðendum. Með Autolog-kerfinu er hægt að sjá hvernig vinunum gengur í leiknum og hvaða tímum þeir hafa verið að ná og svo getur maður reynt að bæta þá.

Grafíkin í leiknum er keyrð áfram af Frostbyte 2 grafíkvélinni, en hún er einmitt líka notuð í Battlefield 3. Þetta skilar sér að mestum parti í góðri grafík og eru brautir leiksins sérstaklega fjölbreyttar og flottar, en leikmenn keyra í gegnum storm, snjóflóð, skóglendi og eyðimörk svo dæmi séu tekin. Þó dettur grafíkin niður í meðalmenskuna inn á milli sem er þolanlegt, en hefði mátt vera gert betur.

Tónlistin í leiknum er mjög rokkskotin og virkar það vel þegar maður er að keyra um eins og vindurinn, en talsetning leiksins er í mörgum tilvikum framkvæmd af undirfatamódelum sem eru ekki beint langskólagenar í leiklist, en hver er svosem að hlusta þegar þær rölta yfir skjáinn.

Það er gaman að sjá Need for Speed-seríuna detta í hasarinn og tekst það að mörgu leyti vel, en stundum verður leikurinn dálítið flatur og eitthvað vantar upp á.



Ólafur Þór Jónsson



Statham á heimavelli

Killer Elite er byggð á sönnum atburðum og fjallar hún um Danny Bryce (Jason Statham), gamlan harðjagl úr hernum og vin hans Hunter. Hunter, sem leikinn er af Robert De Niro, er tekinn til fanga sem verður til þess að Bryce þarf að snúa aftur og bjarga sínum gamla félaganum.

Þetta minnir óneitanlega á Rambo 3 þar sem John Rambo þarf að snúa aftur til Afganistan til að bjarga sínum gamla lærimeistara. Fortíðin leitar mann alltaf uppi. Það er bara þannig. Til að byrja með var Jason Statham virkilega sannfærandi í sínu hlutverki og skilar sínu með stakri þrýði. De Niro var að sjálfsögðu flottur en hann var hins vegar alltof lítið fyrir framan myndavélina. Clive Owen var einnig góður og gaman var að sjá Dominic Purcell snúa aftur en flestir muna eftir honum úr Prison Break-þáttunum. Öll bardagaatriðin, eltingaleikirnir, sprengingarnar og kjafthöggin voru mjög vel gerð. Greinilegt að metnaður var lagður í þessa mynd.

Stærsti gallinn við Killer Elite er að hún var alltof löng sem gerði það að verkum að maður missti svolítið þráðinn. Myndin varð svolítið tætingsleg og ruglandi. Það hefði mátt finna aðeins handritið og einblína meira á söguna en öll hasaratriðin. Myndin er jú byggð á sönnum atburðum og það allt saman hefði mátt fá meira vægi í myndinni. Engu að síður hélt myndin mér vel og mér leiddist ekkert. Jason Statham veit algjörlega í hverju hann er bestur. Hann er hasarleikari í toppklassa. Hann fer ekkert í ofmat og leikur í rómantískri gamanmynd með Jennifer Aniston. Alltof margir leikarar misskilja sína hæfileika og leika í einhverju sem þeir eiga ekkert að vera með puttana í. Það gerir Jason Statham ekki.

Tómas Leifsson



KILLER ELITE

MMMMMM

Það má ekki gleypa tyggjó

Að tyggja gott tyggjó hefur lengi verið í tísku. Hérlendis jórtrar fólk á tyggjó daginn út og daginn inn, hvort sem það er af tannhirðuástæðum eða til munnbragðsbóta. Fyrir skemmstu var ég að spjalla við félagamenn þegar hann lenti í því að kyngja blessuðu tyggjóinu sínu. Eins og gengur og gerist þegar einhver gleypir tyggjó benti einn viðstaddur fórnarlambinu á að nú þyrfti hann að bíða í sjö ár eftir því að tyggjóklessan skilaði sér úr líkamanum. Æ, aumingja hann, hugsuðum við öll í kór.

Skömmu seinna varð mér aftur hugsað til þessa atviks og í það skiptið leiddi ég hugann að því hvaðan í áranum álíka „staðreynd“ kæmi, að það taki sjö ár að melta tyggjó. Kemur hún frá gæjanum sem sagði að það yrði heimsendir 21. maí 2011 eða frá mömmunni sem laug því fyrst allra að barninu sínu að maður yrði svartur á tungunni af því að ljúga?

Ef ekki þaðan, þá ímyndar maður sér að það hafi ef til vill maður nokkur farið til læknis í ristilskoðun. Í skoðuninni hafi fundist tyggjóklessa og þegar lækurinn spurði manninn hvernig stæði á því þá hlýtur hann að hafa svarað: „Ja hérna, ég skil þetta ekki. Ég hef barasta ekki gleypst tyggjó í heil sjö ár!“ Í kjölfarið hefur lækurinn orðið spenntur og farið með þetta beint í virt læknatímarit og fyrr en varði var þetta orðinn almennur fróðleikur um heim allan.

Þessi „staðreynd“ um meltingu tyggjós rifjaði einnig upp fyrir mér tiskubylgju sem var við lýði á seinni hluta grunnskólaára minna, þegar vinsælt var að krakkar héldu úti blogg á síðum eins og blog.central.is. Oftar en ekki innihéldu þær síður samansafn af staðreyndum undir yfirskriftinni „Vissir þú að...?“. Þar mátti síðan finna staðreyndir



HVER FANN UPP Á ÞVI AD ÞAD TÆKI SJÖ ÁR AD MELTA TYGGJÓ?

reynd“ sé einnig vitleysa. Það er í það minnsta mjög fljótgerið að gúggla læknagrein úr tímariti eins og Scientific American sem vísar tyggjómýtunni á bug.



Við lifum á gervi-hnattaöld þar sem allir hafa aðgang að stærsta upplýsingabanka sem menn þekkja, Veraldarvefnum. Algengasta síðan sem fólk notast við að afla sér heimilda er hin fræga Wikipedia sem er sömuleiðis opin öllum til að skrá hvað sem er. Fyrir vikið er trúlega ráðlegast að efast um staðreyndir endrum og eins, jafnvel þótt oft sé skemmtilegt að trúá þeim. Hvort sem það tekur sjö ár eður ei að melta tyggjó þá ættum við reyndar almennt að sleppa því að gleypa það, það er örugglega skaðlegt í óhófi eins og annað. En við ættum líka að sleppa því að gleypa við hverju sem er.



ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is

eins og að meðalmaðurinn gleypi sjö kóngulær yfir ævina og á hverri nóttu skríði að meðaltali tvö skordýr upp í nasirnar á manni í svefni. Allar þessar staðreyndir voru að sjálfsgöðu settar fram án heimilda.

Voru þessar staðreyndir sem krakkarnir birtu á blogg-síðunum fengnar frá rannsóknum virtra hagfræðinga eða annarra vísindamanna? Það kann að vera en ég held ekki. Ég held satt best að segja að þær hafi verið bull og vitleysa.

Lesendur hafa vafalaust tekið eftir því að ég rita orðið „staðreynd“ í tilfellinu um meltingartíma tyggjós innan gæsalappa og er það vegna þess að ég held að sú „stað-

Íólagjafirnar fást í Dogma!

Pac-Man
Vekjaraklukkan: 3.990 kr.



Trim Phone
Sími: 9.990 kr.



The Flipper
Steikarspáði: 1.990 kr.

Hopside Down
Glas: 3.490 kr.



Unzipped Glerskál: 3.390 kr.



Buckyballs Segulboltar: 4.500 kr.

Rubik's Cruet
Piparkvörn: 2.290 kr.




Fisticup
Bollur: 3.190 kr.

iPlunge Símastandur: 1.490 kr.



Dogma
Bolur: 3.200 kr.



American Apparel
Hettupeysur: 7.900 kr.



Mimobot 4 GB USB kubbur: 4.500 kr.

DOGMA
LAUGAVEGI 30 & SMÁRALIND

10 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR SESARS A
Laugardagurinn 26. nóvember
Faktorý kl. 23:00



Afmæli íslensku rapp-senunnar

13. nóvember síðastliðinn voru liðin 10 ár frá því að plata Sesar A, Stormurinn á eftir logninu, kom út. Það er sérstaklega merkilegt fyrir þær sakir að sú plata var sú fyrsta með eingöngu íslensku rappi. Af því tilefni hyggst Sesar A halda upp á herlegheitin á Faktorý og fá til sín góða gesti. „Ég lít á þetta sem afmæli íslensku rapp-senunnar. Ég kem til með að spila öll mín verk í rétttri röð, Storminn, Gerðu það sjálfur og svo nýju plötuna sem fer í dreifingu á næsta ári. Þetta verður ansi þétt, þetta verður í syrpu þar sem við tökum hvert lag á fætur öðru,“ segir Sesar A. Margir hafa starfað með Sesar í gegnum tíðina og á tónleikum koma meðal annars fram bróðir hans, Blaz Roca, strákarnir í Úlfur Úlfur og DJ Kocoon. Mega áhorfendur búast við því að fá 10 ár af íslensku rappi beint í æð? „Já, svo gott sem. Þetta er sagnfræðilega merkilegt fyrir þær sakir. Sum lög sem ég kem til með að flytja hafa ekki verið flutt á sviði áður.“ Á laugardaginn mun Faktorý opna klukkan 22 og tónleikarnir hefjast klukkan 23. Allir gestir fá tvær plötur, niðurhal af plötunni sögulegu, Stormurinn á eftir logninu og eintak af nýju plötunni sem fer í almenna dreifingu eftir áramót. „Ef ég verð í stuði þá ætla ég að vera með ljón þarna og apa. Sérstaka rapp-apa,“ segir Sesar að lokum. Miðaverð er 1.500 krónur.

fílófaxið

fimmtudagur 24. nóv

KREPPUKVÖLD – BÁRUJARN
Bar 11
21:00 Sigríður Thorlacius syngur fimmtán franskar dægurperlur í tilefni af 100 ára afmæli Alliance Française. Miðaverð er 2.900 kr.

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR DIKTU NASA
22:00 Hjómveitin Dikta sendi frá sér sína fjórðu breiðskífu, Trust Me, í síðustu viku og blása af því tilefni til útgáfutónleika. Miðaverð er 2.000 kr. og aldurstakmark er 20 ára.

GOGOYOKO WIRELESS
Hvíta perlan
22:00 Fimmtu tónleikar Gogoyoko Wireless-tónleikaraðarinnar fara fram á Hvítu perlunni. Að þessu sinni er röðin komin að Ólafi Arnalds. Miðaverð er 1.500 kr.

föstudagur 25. nóv

HAM
Gaukur á stöng
21:00 HAM troða upp á Gauknum í fyrsta sinn í áratug. Ghostigtal og hin japanska Vampillia verða sérstakar gestahljómsveitir. Miðaverð er 2.500 kr.

GÍSLI GALDUR
Faktorý
23:00 Plötusnúðurinn Gísli Galdur þeytir skífum langt fram eftir kvöldi. Fritt inn.

laugardagur 26. nóv

HJÁLMAR
Háskólabíó
21:00 Reggiisveitin Hjálmar leika efni af fimmtu og jafnframt nýjustu hljóðversbreiðskífu sinni, Órar, ásamt brasshljómsveit. Miðaverð er 4.990 kr.



ERT ÞÚ AÐ GERA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT?

monitor@monitor.is

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

LOKAPRÓFIÐ

24. nóvember 2011 | MONITOR skólinn

Ég heiti Stóri Þorsson

Dú veist hver ég er af því að _____

Það skemmtilegasta sem ég geri er að _____

a) borða góðan mat
b) hanga með vinum mínum
c) taka einn „Laugara“
d) skemmta fólki
af því að þú fylgst með skemmtilegum

Uppáhaldstónleikastaðurinn minn í heiminum er _____

a) The Baked Potato, Hollywood
b) Harpa, Reykjavík
c) Ronnie Scott's, London
d) Green Mill, Chicago
því þar er einn af bestu

Ég og Don Randi erum _____

a) bara samstarfsfélagar.
b) góðir vinir.
c) sálufélagar þegar kemur að tónlist.
d) alltaf í góðum filing.
e) _____

Besti tónlistarmaður fyrr og síðar er _____

a) Freddie Mercury
b) Frank Sinatra
c) Elvis Presley
d) ég sjálfur
e) _____
og besta platan frá þeim listamanni er New York New York

Ég hef farið _____ sinnum til Los Angeles, hitt Nancy Sinatra sinnum, sungið inn á _____ upptökur og samið _____ lög.

Þegar kemur að hljóðfærum eru _____

a) trommur og ásláttarhljóðfæri
b) rafmagnsgítarar
c) blásturshljóðfæri
d) píanó og hljómborð
í mestu uppáhaldi.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út: Stóri Þorsson

Ef ég væri ekki Geir Ólafsson væri ég _____

a) Geir Sveinsson, fyrrverandi handboltakappi
b) Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra
c) Geir Jón Þórisson, yfirlöggregluþjónn
d) Óli Geir, plötusnúður og veisluhaldari
e) Sölvi Geir Ottesen, knattspyrnumaður
f) _____

af því að þú myndir ég skilja hvernig þú myndir að ganga í gegnum um.

Geislaplata sem ég er að gefa út heitir Amma Er Best og er ætluð öllum aldursbörpum.

Þeir sem kaupa hana munu _____
Skemmta sig enda inniheldur platan 11. Frábær lög eftir Gunnmund Kúnna

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég fá Óskarinn til að leika mig en líklega yrði það samt Al Pacino.






Það sem fáir vita um mig er Að ég er fánóbisár og Viðkvæm.

Allt sem ég hef gert hef ég gert á minn hátt.
S Ó

Heima á Íslandi er best.
S Ó

Síðasta sms sem ég fékk var frá Halga Þórkara og í því stóð Annóttu!

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Látu Eiginbarn.

Síðast en ekki síst

» Bjarki Már Elisson, handboltamaður, fílar:

Kvikmynd: 300 er hrikalega góð. Svo er allt með Denzel „meistara“ Washington í miklu uppáhaldi, maðurinn er glerharður. En þar fer American Gangster fremst í flokki jafningja. Ben Stiller er einnig ofarlega á lista en Night at the Museum 1 og 2 eru leiksigrar sem seint verða sigraðir.

Þáttur: Get horft á Friends hvenær sem er sólahrings. Annars datt ég inn í Game of Thrones um daginn, ótrúlegt hvað maður verður alltaf graður þegar maður horfir á þessa þætti, rosalegt!

Bók: Mindgames: Phil Jackson's Long Strange Journey eftir Roland Lazenby. Hef reyndar ekkert lesið hana, en langar það rosalega enda Phil í miklu uppáhaldi. Er ekki mikill bókaaóðáandi.

Plata: Eina platan sem ég á er Ingó og Veðurguðirnir, Góðar stundir. Fékk hana í jólagjöf frá litlu systur. Ég hef samt mjög gaman af rappi enda var ég í rapphljómsveit í grunnskóla ásamt félagi mínum, Halldóri Stefáni Haraldssyni. Hún er enn starfrækt í dag en hann er einn í henni.

Vefsíða: Það er allavega ekki handbolti.is en annars tek ég alltaf Visir, MBL og sport.is rúnt alla morgna þegar ég mæti í skólann. Þegar ég hef nægan tíma fer ég á ja.is og skoða flott símanúmer, ótrúlega flott sum númerin og starfsheitin.

Staður: 110 Árbær. Mér líður best á sunnudögum þegar mér kannski líður ekkert sérstaklega vel í maganum, fer í Skalla með Lekve (ástsælasta kúna Skalla frá upphafi) og fæ mér sveitt ostborgaratilboð. Tek líka alltaf með mér tíkalla í spilakassann til að styrkja gott málefni.

já







Tvíburasystir hans er að
koma í heimsókn...

...og það verður ekki fallett.

ADAM SANDLER
IS JACK AND JILL

Frumskýnd á morgun!



VILTU
VINNA
MIÐA?



SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL JAJ Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:
BÍOMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/JACKANDJILL

9. HVER
VINNUR!
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

sená

SAMSUNG

Upplifðu framtíðina!

Samsung Galaxy TAB er kominn í sölu og býður upp á ótakmarkaða möguleika!

Þú getur lesið Morgunblaðið, spilað tölvuleiki, svarað tölvupósti, stjórnað sjónvarpinu, horft á fréttir, skoðað YouTube, spjallað á Skype, uppfært Facebook, tekið myndir, skoðað myndir, lesið bók, fundið uppskriftir, fylgst með sjónvarpsþáttum, hlustað á tónlists, pantað miða í Hörpu, skoðað kortið, athugað veðrið, planlagt fríið, notað sem leiðsögukerfi og margt, margt fleira!



Loksins er kominn spjaldtölva sem opnar fyrir þér heiminn!

Nýir tímar með Samsung Galaxy Tab

Söluáðilar um allt land

Samsung GALAXY Tab